

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 13. október 2020  
UST202009-109/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í og við Tjarnhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í og við Tjarnhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir tveimur þjónustuhúsum 200 m<sup>2</sup> og 15 m<sup>2</sup>, göngustígum, útsýnisskífu, upplýsingaskiltum og bílastæðum og er aðkoman frá Vaðnesvegi.

#### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð kemur fram að birkið á svæðinu fellur undir b. lið 1. mgr. 61. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að gígarnir og hraunið falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruvinnjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo að það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé að hluta nú þegar raskað. Umhverfisstofnun tekur undir það og að mati stofnunarinnar er það aðallega vegna efnistöku, ágangs ferðamanna og skógræktar sem hefur haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og verndargildi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að raski sé haldið í lágmarki og að verndargildi svæðisins rýrni ekki.

### **Samlegðaráhrif**

Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir Kerið og veitti stofnunin umsögn varðandi verkefnið 19. ágúst 2019.

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Þar sem hér er að ræða umtalsverðar framkvæmdir bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að heildaráhrif framkvæmdanna á umhverfið séu metin, þó svo að um sé að ræða tvö aðskilin verkefni.

### **Efnistaka**

Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps 2008-2020 er á svæðinu skilgreind efnisnáma, merkt E11. Hefur verið tekið efni úr henni sem fyrst og fremst er ætlað til eigin nota (heimabruks) í landi jarðarinnar.

Í greinargerð segir að landeiganda sé heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Landeigandi hefur þó ekki leyfi til að taka efni sem er á verndarsvæðum. Í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis

*minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. [61. gr.] 1) laga um náttúruvernd.*


Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er skilgreint sem aðrar náttúruminjar og gígurinn og hraunið fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur